

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Kjósarhrepps, nr. 650/2023.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Sveitarstjórn Kjósarhrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar einu sinni í mánuði. Í upphafi hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn ákveða fundardag, fundartíma og staðsetningu reglubundinna funda.

2. gr.

1. mgr. 9. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Framkvæmdastjóri/sveitarstjóri boðar fundi sveitarstjórnar og staðgengill hans í forföllum.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með trygguð hætti.

4. gr.

1. tölul. A-liðar 1. mgr. 41. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Menningar- og lýðheilsunefnd: Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Nefndin fer með menningarmál sveitarfélagsins og viðburði samkvæmt samþykktum þar um. Nefndin fer einnig með æskulýðsmál samkvæmt æskulýðslögum, nr. 70/2007.

5. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Kjósarhrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 8. júlí 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.